



Answers with questions regarding Tender 14818

Automated and manual micro column technique system and supplies for blood grouping, phenotyping, screening and identification of blood group antibodies

Questions And Answers published on website: 16. February 2010

Please notice the following changes in tender documents in paragraph 2.3.2

It shall be “Hold as a minimum 20 micro column cards” not 40

2.3.2 Sample types and capacity

The automated machines **SHALL**:

- Have capacity/throughput to run in 8 hours daytime at least the numbers given in chapter 2.4
- Have a sample capacity of 40 samples or more per run
- Be able to use the following sample types:
 - centrifuged whole blood with anticoagulants,
 - packed red cells,
 - red cell suspensions and
 - serum/plasma
- Accept various types and sizes of sample tubes in the same run
- **Hold as a minimum 20 micro column cards**
- Be able to Process STAT samples
- Have level sensing and clot detection

The tenderer **SHALL** state:

- The numbers and quantities of cards and reagents that is possible to have on the automatic machine at the same time
- The numbers and quantity of consumables other than reagents and cards necessary to run the machines.

Previous Questions & Answers published 12. february 2010

Changes of tendering documents

- Deadline for queries expires on **09.03.2010**
- Response deadline is on **12.03.2010**
- The tenders will be opened on **18.03.2010 at 11:00**
-



RÍKISKAUP

1. Fyrirspurn

Þann 27. janúar sl. birtust útboðsgögn í útboði 14818 á heimasíðu Ríkiskaupa. Á bls. 2 eru tímafrestir útboðsins tilgreindir en þar segir að útboðið hafi verið auglýst á evrópska efnahagssvæðinu þann 28. desember 2009. Óskað er upplýsinga hvers vegna tæpur mánuður líði frá því að útboðið er auglýst og þar til útboðsgögnin eru birt?

1. Svar

Því miður tók lengri tíma að leggja lokahönd á útboðsgögnin en vonast var til. Upphaflega stóð til að útboðsgögnin yrðu tilbúin til afhendingar í byrjun janúar 2010 og var útboðið auglýst á evrópska efnahagssvæðinu 28. desember 2009. Þegar ljóst var að afhendingu útboðsgagna myndi seinka var sérstök breytingartilkygning þess eðlis send til stjórnartíðinda evrópubandalagsins ("The Official Journal") og af þeirra hálfu staðfest móttaka hennar 20.01.2010 inn á evrópska efnahagssvæðið. Frestir útboðsins eru því í samræmi við 38. grein tilskipunar evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB og samkvæmt 79. gr. laga um opinber innkaupa nr. 84/2007. Í ljósi framkominnar athugasemdar og til að tryggja rúman frest tilboðsgerðar fyrir bjóðendum hefur engu að síður verið ákveðið að framlengja skilafrest tilboða og nýr opnunartími útboðsins ákveðinn **18. mars 2010 kl 11:00**

2. Fyrirspurn og svör

Í útboðsgögnum á blaðsíðu i/36 í síðustu málsgrein kaflans ("abstract" kaflans) segir: „The total budget-plan for this project as specified is to the amount of approx. ISK: 200 million, excl. VAT, for a five year framework contract for the tendered project solution, including equipment, installation, training, supplies and consumables and all other cost, but excluding VAT.”

Spurt er a,b,c etc. og svar birt eftir hverja spurningu skv. eftirfarandi

- a. Með hvaða hætti var fjárhagsáætlunin unnin?

Svar: Áætlunin er byggð á langri reynslu af rekstri blóðflokunarvéla og almennri þekkingu á markaðsverði. Kaupandi vonast eftir verulegum fjárhagslegum ávinningi í þessu útboði og tekur fjárhagsáætlunin mið af því.

- b. Hvers vegna er fjárhagsáætlunin ekki tengd við tiltekna gengisvísitölu?

Svar: Ekki var talin ástæða til þess.

- c. Byggir upphæðin, þ.e. 200 milljónir, á núvirðisútreikningum á viðskiptum kaupanda við fyrirtækin A. Karlsson ehf og Fastus ehf?

Svar: Nei

- d. Ef svo er ekki, á hvaða gögnum byggir áætlunin þá?

Svar: Væntingu kaupanda til niðurstöðu útboðsins.

- e. Í framangreindri málsgrein er tiltekið að fjárhagsáætlunin byggir m.a. á öllum öðrum kostnaði. Hvaða kostnaðar er hér verið að vísa til?

Svar: Tækjum, uppsetningarkostnaði, kennslu, fjármagnskostnaði þar sem tækið er greitt með jöfnum afborgunum í 60 mánuði, rekstrarvöruskostnaði, flutningskostnaði o.s.frv.

- f. Ef áætlunin byggir á viðskiptum kaupanda við A. Karlsson ehf og Fastus ehf væri gott að fá upplýsingar um hve hátt hlutfall þessi kostnaður sé af heildarviðskiptum kaupanda við fyrirtækin.

Svar: Áætlunin byggir ekki á viðskiptum kaupanda við þessi fyrirtæki.

- g. Hver er tilgangur þess að birta bjóðendum fjárhagsáætlun kaupanda?

Svar: Til að gera bjóðendum grein fyrir áætlunum og væntingum kaupanda.



RÍKISKAUP

- h. Áskilur kaupandi sér rétt til að vísa tilboði frá sem er 30% yfir framangreindri fjárhagsáætlun, á grundvelli framangreindrar málgreinar, þótt tilboðið reynist hið lægsta framkominna tilboða?

Svar: Eins og í öllum útboðum áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboðum sem hann telur of há.

3. Fyrirspurn

Í gr. 1.2.8 segir að tilboð verði einvörðungu metin á grundvelli verðtilboðs. Hvers vegna eru gæði ekki metin til 50% af heildarstigafjölda líkt og gert var í útboði 14451?

3. Svar

Í ljósi fyrra útboðs þá er ljóst að hér er um mjög sambærilegar vörur að ræða. Eins og svarað er í spurningu 2 þá er lögð mikil áhersla á kostnað. Því verður einvörðungu valið á grundvelli verðs milli þeirra bjóðanda sem uppfylla "skal" kröfur.

4. Fyrirspurn

Í gr. 1.2.4 er fjallað um matsnefnd sem gegnir því hlutverki að meta tilboð bjóðenda. Því er spurt:

- Hvaða einstaklingar sitja í matsnefndinni?
- Er matsnefndin að hluta eða öllu leyti skipuð sömu einstaklingum og sátu í matsnefnd útboðs nr. 14451? Ef svo er, hvaða einstaklinga er um að ræða?

4. Svar

Með vísan til útboðslýsingar í gr.1.2.4 kemur fram hvernig skipað er í matsnefnd. Ekki er venja né skylt að gefa upp nöfn þeirra sem skipaðir eru í matsnefndir og verður ekki breytt út frá því þessu útboði.

Þetta tilkynnist hér með
Fyrir hönd Ríkiskaupa

Ragnar Daviðsson, verkefnastjóri



RÍKISKAUP